

348. fundur Skólanefndar FS

30. janúar 2019



Mættir: Böðvar Jónsson formaður, Jóhann Friðrik Friðriksson, Jónína Magnúsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Jón Ragnar Magnússon og Bjarnfríður Bjarnadóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Upphaf annar.
2. Nýbygging.
3. Önnur mál.

1. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi vorannar en nemendur í dagskóla eru rúmlega 800 og um 150 grunnskólanemendur stunda nám í einstökum áföngum. Skólameistari sagði einnig frá starfsmannamálum, búnaðarkaupum og fjárhagsstöðu.


2. Nýbygging.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi vinnu við fyrirhugaða viðbyggingu en málið er komið aftur til Framkvæmdasýslu ríkisins. Ráðuneytið hefur tekið saman umsögn um úttekt Framkvæmdasýslunnar þar sem fjölmargar athugasemdir eru gerðar. Skólanefnd mun fjalla nánar um málið á næsta fundi.


3. Önnur mál.

- a) Formaður NFS sagði frá starfi nemendafélagsins. Framundan er söngkeppnin Hljóðneminn, útvarpsrekstur, dansleikir og fleira.
- b) Næsti fundur skólanefndar verður 20. febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Böðvar Jónsson, formaður



Jóhann Friðrik Friðriksson


Gunnar Valdimarsson


Kristján Ásmundsson


Jónína Magnúsdóttir


Bjarnfríður Bjarnadóttir


Jón Ragnar Magnússon


Guðmann Kristþórsson, fundarritari